

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð á
Fjöllum-Auðbjargarstaða og Sultum í Norðurþingi.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/15



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Staðið á hæð og horft í suður í átt að bæjarstæði Fjalla.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/15

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	8
HEIMILDASKRÁ.....	9

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn um að gera fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörðu frá Fjöllum til Auðbjargarstaða og Sulta í Norðurþingi. Áformað er að leggja strenginn vorið 2026. Til var fornleifaskráning af svæðinu sem þurfti að uppfæra. Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Vettvangsskráningin fór fram í byrjun október 2025.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3539.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Meginmarkmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett í lög ákvæði um að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands, niðurrhalsgögn, loftmyndir frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimildarmanni. Einnig hafði Fornleifastofnun Íslands skráð fornleifar í Kelduhverfi árið 2008.⁷ Sú skráning þarfnaðist uppfærslu miðað við núverandi staðla. Í þeirri skýrslu var fjallað ítarlega um sögu jarðarinnar⁸ og er því ekkert fjallað um það frekar í þessari skýrslu.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble GPS tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf frá 2024. Í öllu þessu ferli var lagt upp með það að forðast sem flestar minjar og í sumum tilfellum var framkvæmdasvæðið fært út fyrir 15 m friðhelgissvæði minja.

4. Fornleifaskráning

Fjöll:

Fornleifanúmer: 3527-01

Hnit: A592526.9 N622052.5 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Fjalla og Auðbjargarstaða segir: „Suður af bænum er heimreið og vestan hennar er þúfnablettur sem heitir Tunga. Á henni eru tættur, sem heita Miðhús...”⁹ Húsin voru skráð í eldri skýrslu sem fjárhús með minjanúmerið NB-008:004¹⁰ og þar segir: „Miðhús voru um 60-70m suðvestur af gamla bæjarstæðinu 001. Þau hafa nú verið rifin en voru þar sem er þýfður grasmói innan túngirðingar. Þýfður grasmói. Lækjarseira rennur norðan við hann og skilur á milli móanns og ræktaðs túns. Lítið sést til tófta nú. Er einungis um að ræða nokkra steina sem gægjast upp úr sverðinum hér og þar, og nægir það ekki til þess að greina stærð eða lögun. Húsið var úr torfi og grjóti.”¹¹ Á loftmynd frá 1976 sjást tóftaleifar um 12X9 m og með op í suðvestur¹² en í dag sést aðeins smá hóll um 6X4 m og 0,2-0,3 m á hæð með nokkrum steinum.

⁷ Stefán, 2008, bls. 118-219.

⁸ Stefán, 2008, bls. 119.

⁹ Örnefnaskrá Fjalla og Auðbjargarstaða, bls. 9.

¹⁰ Stefán, 2008, bls. 120.

¹¹ Stefán, 2008, bls. 120.

¹² Náttúfræðistofnun - Loftmyndasjá 1976.



Mynd 1 Hóll, þar sem áður voru tóftarleifar, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3527-02

Hnit: A592542.2 N622103.9 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Á túnakorti var útihús skammt norðan við votheysgryfju í túninu. Í eldri skráningu er það með númerið NP-008:008¹³ og þar segir: „Hesthús var örfáum metrum norðan við votheysgryfju sem nú er um 40 m vestur af bæjarhólnum 001. Það hefur verið rífið og staðurinn sléttaður undir tún og sjást því engin ummerki eftir það.“¹⁴ Þar er nú slétt tún og engin ummerki eftir eldri mannvirki en á loftmynd frá 1976 frá Landmælingum Íslands sést húsið um 10X5 m.¹⁵

Fornleifanúmer: 3527-03

Hnit: A592604.9 N622120.1 ISN93

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Fjalla og Auðbjargarstaða segir: „Á Fjöllum var bænhús eða kirkja fyrr á öldum.“¹⁶ Seinna í sömu skrá segir: „Norður af bæ var bænhúsið og grafreiturn, nú er það hlaða úr steini.“¹⁷ Kirkjan er skráð í eldri skráningu með minjanúmerið NP-008:002¹⁸ en þar segir: „Mikið af mannabeinum kom í ljós er hlaðan var byggð rétt fyrir 1930. Þeim var komið fyrir undir norðurvegg hlöðunnar. Hlaðan stendur nákvæmlega þar sem bænhúsið var um 30 norður af bæ 001 og er hún niðurgráfin (handgráfin) í hól er minnir talsvert á bæjarhól að lögun. Er hún gráfin hátt í 3 m niður í jörðina. Í túni. Stærð hlöðunnar er um 9x7 m. Ekki er lengur vitað hvar beinin fundust nákvæmlega, einungis að það hafi gerst er grafið var fyrir

¹³ Stefán, 2008, bls. 121.

¹⁴ Stefán, 2008, bls. 121.

¹⁵ Landmælingar Íslands - Loftmyndasjá 1976.

¹⁶ Örnefnaskrá Fjalla og Auðbjargarstaða, bls. 2.

¹⁷ Örnefnaskrá Fjalla og Auðbjargarstaða, bls. 9.

¹⁸ Stefán, 2008, bls. 120.

hlöðunni . Um var að ræða nokkuð heillegar beinagrindur.“¹⁹ Ekki var svæðið skoðað neitt nánar enda hlaðan byggð 1930 samkvæmt fasteignaskrá²⁰ og framkvæmdasvæðið í sléttu túni vestan við hlöðuna.

Auðbjargarstaðir:

Fornleifanúmer: 3527-04

Hnit: A592557.0 N623961.1 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 66 m austur af hlöðu á Auðbjargarstöðum er girðingarstæði sem liggur norður-suður. Í hluta af girðingarstæðinu virðast vera leifar af túngarði. Syðst er um 3 m bútur og svo um 100 m lengra í norður er annar hluti af garðinum um 63 m langur. Garðurinn er um 0,1-0,35 á hæð og breidd 0,5-0,8 m.



Mynd 2 Túngarður í girðingarstæði, mynd er tekin í suður.

Sultir:

Fornleifanúmer: 3527-05

Hnit: A595604.6 N622529.9 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Á svipuðum slóðum og túngarðurinn er teiknaður á túnakortið frá 1918 er um 13 metra langur grjóthlaðinn garður sem liggur frá klettunum í suðvestur niður að heimreiðinni. Hæðin á garðinum er 0,2-0,7 m og breidd 0,3-0,7 m. Í sömu stefnu um 30 m suðvestur af enda garðsins við heimreiðina er upphækkun á svæðinu sem svipar til garðlags. Hæðin á því er um 0,1-0,3 m og breidd 0,9-1,6 m. Líklegt er að þetta séu leifar af áframhaldandi garðlagi þar sem síðan tekur við náttúruleg brekka í landinu sem liggur norður-suður eins og teikningin á túnakortinu sýnir.

¹⁹ Stefán, 2008, bls. 120.

²⁰ HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.



Mynd 3 Túngarður, mynd er tekin í norðaustur.



Mynd 4 Leifar af túngarði, mynd er tekin í norðaustur.



Nafn Fjöll - Auðbjargarstaðir, Sultir	Dags. 17.12.2025 hj	Skýringar: Fornleifar og heimildir um fornleifar innan og nærri framkvæmdasvæðis Rariks.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is	
			Unnið eftir mynd nr. f691 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2024.	

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Raríks náði frá Fjöllum til Auðbjargarstaða og var líka í landi Sulta í Norðurþingi. Í þessu verkefni var reynt að forðast flesta minjastaði og í einhverjum tilfellum var framkvæmdasvæðið fært, til að vera 15 m frá minjastöðum. Í þessu ferli voru því einungis fimm minjastaðir skráðir, þar af þrír sem voru skráðir sem heimildir. Garðarnir tveir sem voru skráðir eru aðeins innan 15 m friðhelgismarkanna en ættu ekki að vera í neinni hættu. Útihúsin tvö hafa þegar verið rifinn og annað þeirra í sléttu túni Eini staðurinn sem er óvíst er um er kirkjugarðurinn en rafmagnsstrengurinn liggur í túni þó nokkuð frá staðnum þar sem kirkjan var en óvíst er nákvæmlega hvar mannabeinin fundust.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða HMS, vefuppfletti fasteignarskrár. Sótt af <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit>. Skoðað 15.12.2025

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Náttúrufræðistofnun. Loftmyndasjá - 1976. Sótt af <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja> Skoðað 30.12.2025.

Stefán Ólafsson (ritstjóri). Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Kelduneshreppi, Fyrri bindi. NP-001 Þórunnarsel – NP-016 Garður. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimildarmenn:

Guðmundur Sigurgeir Héðinsson Fjöllum 2, Norðurþingi.

Túnakort:

Uppdráttur af túni á Fjöllum í Kelduneshreppi í N.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnsonar, 1918. Akureyri.

Uppdráttur af túni á Sultum í Kelduneshreppi í N.-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónssyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnsonar, 1918. Akureyri.

Örnefnaskrár:

Fjöll og Auðbjargarstaðir. Kelduneshreppur. Norður-Þingeyjarsýsla. Samlesið K.E. Örnefnastofnun.